06.06.–08.09.2024

Murr
Murmur

Á sýningunni **Murr** er sjónum beint að áráttukenndum vinnuaðferðum í myndlist; endurtekningum, reglum og ofureinbeitingu. Titill sýningarinnar vísar í þekkt leikverk eftir Dieter Roth frá árinu 1974. Verkið fyllir heila bók með einu og sama orðinu, *murmel*, sem er endurtekið í sex, þéttriðnum dálkum, yfir 178 síður. *Murmel* kemur úr þýsku, en gæti útlagst á íslensku sem skvaldur, suð, síbylja eða hreinlega murr. Murr mætti því skilja sem einhvers konar hljóð sem heyrist aftur og aftur, en gæti líka skilist sem sjónrænt áreiti eða iðja sem er endurtekin í sífellu.

„**Endurtekningin** er uppspretta hins nýja," segir í grein eftir Gunnar J. Árnason þar sem hann fjallar um þessi orð sem eignuð eru Joseph Kosuth og þversögnina sem í þeim felst. Eðli málsins samkvæmt erum við vön að skilja hið nýja sem eitthvað sem hefur aldrei verið áður og að þar af leiðandi geti það sem er endurtekið aldrei verið nýtt. Eða hvað? Gunnar rekur þráðinn lengra til baka í skrif Sørens Kierkegaard sem segir: „Rökfræði endurtekningarinnar er auðveld viðfangs, því það sem er endurtekið, hefur verið, annars yrði það ekki endurtekið, en einmitt það, að það hefur verið, gerir endurtekninguna nýja." Um leið og við endurtökum eitthvað verður það nýtt því í krafti tímans er augnablikið þegar liðið og verður aldrei endurtekið á nákvæmlega sama hátt. En hvaða merkingu hefur það að gera eitthvað aftur og aftur?

Ef fólk gerir eitthvað aftur og aftur án þess að fá við það ráðið, má segja að það sé merki um áráttukennda hegðun. Hugtakið árátta getur bæði haft jákvæða og neikvæða merkingu og ræðst það oft af samhenginu. Því getur verið fleygt kæruleysislega fram eins og þegar einhver segir: „ég er með svo mikla söfnunarárátttu að ég get aldrei hent neinu", sem þýðir samt oftast ekki að viðkomandi hendi bókstaflega aldrei neinu. Það getur líka verið notað þegar fólk hefur ofuráhuga á einhverju og fylgir því fast eftir. Þá er talað um að vera með eitthvað á heilanum. Í listrænu samhengi má oft finna hugmyndir sem dagsdaglega myndu teljast fráleitar eða undarlegar en hafa þau áhrif að þenja út skilninginn og varpa nýju ljósi á veruleikann. Út frá sjónarhorni sköpunar hefur listafólk frelsi til að kanna mörk mannlegs ástands og mannlegrar getu. Í listinni má oft sjá áráttukenndum aðferðum og endurtekningum beitt markvisst og á forsendum sköpunar. Það er því engin furða að stundum sé litið á list og árátttu sem tvær hliðar á sama peningi, í báðum tilfellum er um að ræða birtingarmynd þess sem við teljum á skjön við hið „venjulega" í mannlegri hegðun og þenur um leið út hugmyndir okkar um það sem við teljum mannshugann eða líkamann færan um.

Á sýningunni **Murr** er sjónum beint að jákvæðari birtingarmyndum árátttu. Áráttan getur vissulega verið skrítin eða jafnvel stórundarleg, en fyrst og fremst er hún jákvæður drifkraftur sem knýr listafólkið áfram í leit sinni að einhverju einlægu og einstöku. Einhverju sem kemur djúpt að innan og neitar að hætta fyrr en listamaðurinn leyfir því að flæða út. Listsköpunin veitir ánægju og leiðir þau sífellt í átt að nýjum niðurstöðum, hvort sem það eru formrænar rannsóknir, ósjálfráð skrif, orðaleikir eða kerfi, möguleikarnir eru óþrjótandi. Stundum gæti virst sem listamaðurinn sé sífellt að gera það sama, en þegar betur er að gáð eru alltaf einhverjar breytingar yfir tíma. Það er alltaf hægt að gera hlutina aftur, en þó á nýjan hátt.

Endurtekningar er víða að finna, ekki bara í listinni, heldur í öllum kimum menningarinnar. Í öllum mannlegum samfélögum er að finna siði sem fela í sér endurteknar athafnir, hreyfingar eða orð. Helgisiðir eða ritúalar (e. rituals) eiga stóran þátt í að móta menningu okkar og venjur, en skilin milli trúarlegra og veraldlegra ritúala geta oft verið óljós. Dans við dúndrandi teknótónlist getur falið í sér hreinsandi, upphafna og nánast trúarlega upplifun á svipaðan hátt og dansathafnir afríska ættbálka eða kyrjandi söngur búddíska munka. Við slíkar athafnir sónum við út og finnum fyrir orkunni og kraftinum sem býr í okkur öllum. Þannig getur endurtekningin sameinað okkur, hvílt hugann og hlaðið okkur orku.

Á sýningunni **Murr** tökum við undir orð Kierkegaards og fögnum orkunni og frelsinu sem felst í endurtekningunni. En Kierkegaard skrifaði líka um frelsið sem felst í því að afmarka sig: "því meira sem maður afmarkar sig, þeim mun hugmyndaríkari verður maður." Með því að búa sér til **reglur** skapast rammi sem veitir öryggi og frelsi. Reglur geta hjálpað listafólki að skapa óheft, því innan rammans er allt hægt. Reglur geta líka verið leið til að hafa stjórn á eigin myndheimi. Þannig skapar listafólk gjarnan heima sem kallast á við hinn raunverulega heim, með því að líkja eftir, kryfja, breyta eða

bjaga. Ímyndaðir heimar hjálpa okkur að sjá veröldina út frá fleiri sjónarhornum og takast á við tilvistarlegar spurningar. En þeir geta líka verið leið til að hverfa út úr heiminum og inn í annan veruleika, í burtu frá öllu áreitinu og á vit undirmeðvitundarinnar.

Það ástand sem skapast þegar við náum að útiloka umheiminn í iðju sem við sökkvum okkur algjörlega í gengur undir ýmsum nöfnum. Í jákvæðri sálfræði er talað um hugtakið *flæði (e. flow)* sem er eignað sálfræðingnum Mihaly Csikszentmihalyi. Í flæði náum við fullkominni einbeitingu í athöfn sem veitir vellíðan og hefur jákvæð áhrif á hvers konar vinnu eða sköpun. Aðrir tala um svipað ástand sem **ofureinbeitingu** (e. hyperfocus). Það er þegar einstaklingur nær að einbeita sér algjörlega að verkefni þannig að hann gleymi stund og stað. Ekkert skiptir máli nema það sem viðkomandi er að fást við og skynjunin virðist útiloka öll önnur áreiti. Í þessu samhengi skiptir eigin áhugi miklu máli og einnig að verkefnin séu hvorki of létt né of erfið. Ofureinbeiting er eiginleiki sem margir listamenn tengja við og aðrir vildu óska að þeir gætu tileinkað sér. Í nútímasamfélagi þar sem áreitið er mikið leitum við ýmissa leiða til að ná betri einbeitingu. Við reynum að temja flökt hugans og halda þannig reiður á óreiðunni sem þær hröðu breytingar og ofgnótt upplýsinga í nútímasamfélagi kalla fram.

Í samhengi sýningarinnar getur *murr* vísað í margskonar áttir; það getur verið skvaldrið í hausnum á okkur, bankið í hjartanu, síbylja samfélagsmiðla, upplýsingaóreiðan eða alheimskliður frétta og fullyrðinga. Með verkunum velta listamennirnir vöngum yfir tilverunni, hver á sinn hátt. Þeir reyna að skyggnast undir yfirborðið og finna takt innan um allt suðið, tilgang innan tilgangsleysisins og kerfi innan síbreytileika heimsins.

Ásgrímur Þórhallsson notar hverja lausa stund til að teikna, jafnvel biðtímann þegar hann er að sinna annarri vinnu, og grípur þá gjarnan í tilfallandi efni sem hann nýtir til listsköpunar. Verkið *Tilfallandi fuglar* er myndröð sem Ásgrímur hefur unnið að með hléum frá árinu 2015. Hver teikning sýnir afturenda fugls í bland við texta sem listamaðurinn skrifar út frá hugleiðingum sínum hverju sinni. Skriftin er þétt og ólæsileg, enda tilgangur hennar formræns eðlis. Verkin dvelja í bilinu milli fígúratífra teikninga og ósjálfráðra skrifa, eins konar myndljóð, sem vísa í athöfnina við gerð þeirra frekar en að bera með sér tiltekna merkingu.

Bjarni Þórarinsson byggir verk sín á sjálfsköpuðu hugmyndakerfi sem nefnist *Sjónháttafræði*. Þetta viðamikla verkefni hófst fyrir tæpum fjórum áratugum þegar Bjarni fór að tefla saman orðum og formum á myndrænan og kerfisbundinn hátt. Verkin *Vísirósir* eru fínlegar blýantsteikningar þar sem orðum er raðað á kerfisbundinn hátt í kringum hringlaga form í miðjunni. Orðin, sem bæði eru þekkt og heimatilbúin, birtast í samspili við geómetrísk form sem bjóða upp á endalausa samsetningarmöguleika. Í verkunum kannar Bjarni öll helstu svið tilverunnar, eins og yfirheitið *Þróunarvíðróf* gefur til kynna, en Vísirósirnar sem hér gefur að líta tilheyra undirflokkunum *mannróf* og *sögusvið*.

Deepa R. Iyengar veltir fyrir sér upptökum sköpunarkraftsins í duldum lögum undirmeðvitundarinnar. Í upphafi hvers vinnudags byrjar hún á fimmtán mínútna ósjálfráðum skrifum, þar sem teikningar og orð fá að flæða fram óhindrað. Deepa veltir fyrir sér hvort þessar skrifuðu teikningar geti veitt áhorfendum aðgang að hennar hugarheimi og drifkraftinum að baki listsköpun hennar. Þeirri spurningu svarar Deepa sjálf neitandi, því skrifin sýna aðeins ákveðna aðferð, en ekki upptökin sjálf, sem eru annars eðlis og liggja djúpt í innsta kjarna listakonunnar, ósýnileg og ólæsileg öðrum, jafnvel henni sjálfri. Til að undirstrika þennan dulda kjarna setur Deepa teikningarnar fram í formi skúlptúrs, sem með örlítilli rifu gefur til kynna innri heim sem við náum aldrei að nálgast.

Halla Birgisdóttir hefur undanfarin ár þróað sinn eigin persónulega stíl. Í teikningum hennar og skrifum birtast brotakennd frásagnarrými, sem lýsa mætti sem litlum örsögum eða myndljóðum. Í verkunum gefur oft að líta raunaleg, en líka skopleg, augnablik í mannlegri tilvist. Halla sækir innblástur bæði í eigin reynsluheim og í því sem fyrir augu ber í daglegu vafri um netið, í bókum eða sjónvarpi. Verkið *Hún heldur í haldreipið,* samanstendur af 170 teikningum á pappír ásamt teikningu sem unnin er beint á vegg. Myndin sýnir konu að teikna, en titill verksins gefur til kynna að um sjálfsmynd sé að ræða. Halla hefur talað opinskátt um andleg veikindi sín og mætti því skilja sem svo að listsköpunin sé fyrir henni haldreipi í lífinu.

Kjartan Ari Pétursson fæst við gerð abstrakt vídeóverka og teikninga. Myndröðina *06 Teikni* vinnur Kjartan Ari í flæði, þar sem hann smám saman þekur myndflötinn með ótalmörgum örsmáum punktum eða stuttum strikum. Hann byrjar í einum punkti, en eftir því sem fleiri bætast við fara hringir eða gárur að myndast og bylgjast í þær áttir sem hugurinn beinir þeim. Verkin eru tvívíð en innan þeirra rúmast hyldýpi, sem ýmist leiðir hugann ofan í minnstu örheima lífheimsins eða út í óravíddir himingeimsins. Í vídeóverkunum *Lykkja 1–5* gefur að líta flöktandi abstraktmyndir sem birtast í takti sem minnir á hjartslátt eða einhvers konar sjónræna teknótónlist.

Í verkinu *Allt bara er – Atlas* kannar **Margrét M. Norðdahl** flókinn vef mannlegrar tilveru. Leitin að sátt við það sem ER felur samtímis í sér óbærilegan sársauka og milda himneska fegurð. Tilraun er gerð til að beisla óvissuna sem einkennir mannlegt ástand, hlutlausar athafnir verða að myndgerðum hegðunarmynstrum og síbylja hugsana að flæðandi hugsanamynstrum. Verkið er innsetning unnin með blandaðri tækni. Þungamiðja verksins er stór mandala búin til úr myndum af fólki sem Margrét finnur á Google-vefsjánni eftir vissum reglum sem hún hefur sett sér. Kerfið leiðir hana í leit að því sem ER í augnablikum hversdagsins víða um heim og að því sem er ekki til samkvæmt sjánni þar sem lönd eru bönnuð eða tilvist þeirra ekki viðurkennd. Er-ið eða núið dvelur í óljósu bili milli fortíðar og framtíðar, milli orða og mynda, sem á sama tíma er bæði horfið og eilíft.

Í verkum **Mörtu Valgeirsdóttur** birtast hugleiðingar um manngerð og náttúruleg kerfi. Hún veltir fyrir sér tvíundakerfinu, sem með einungis tveimur tölum, 0 og 1, myndar undirstöðu allra nútíma tölvukóða. Með titli verksins *Svipgerðir* líkir hún tvíundakerfinu við DNA, kóða líkamans sem er grundvöllur allra lífvera. Marta handmálar táknin 0 og 1 til skiptis á hvítan striga, en með litunum, rauðum, bláum og grænum, vísar hún í hið stafræna RGB litakerfi. Skipting myndflatarins er ákveðin út frá gullinsniði og vísar listakonan þannig í þekkt hlutfall sem finna má víða í náttúrunni sem og í manngerðum hlutum. Með verkunum fangar Marta lítið brot af þeim endalausu möguleikum sem þessi kerfi veita og vekur þannig áhorfandann til umhugsunar um óendanleika og óravíddir alheimsins.

Jóhann S. Vilhjálmsson vinnur litrík verk á pappír sem fljótt á litið minna á fallega myndlýst miðaldahandrit, jafnvel úr fjarlægum menningarheimum. Á myndfletinum teflir Jóhann saman öguðum formum og línum sem minna á letur. Verk Jóhanns eru þó ekki sköpuð til lesturs, því skriftin er ekki á neinu þekktu ritmáli. Verk Jóhanns eru *asemísk* (e. asemic), en það þýðir að semantík eða merkingarfræði textans er opin til túlkunar og því undir ímyndunarafli áhorfandans komið að skapa merkingu.

Sigurður Ámundason veltir fyrir sér takmörkunum í mannlegum samskiptum og þann sársauka sem misskilningur, hégómi og aðrar ótjáðar tilfinningar geta valdið. Verk Sigurðar eru annars vegar stórar teikningar unnar með blýanti, trélitum og kúlupenna á pappír og hins vegar veggverk úr stáli. Teikningarnar sýna dramatískt myndmál, hrylling og fáránleika í bland við tvíræða fegurð náttúrunnar. Þær bera vott um viðkvæmni og einlæga angist sem virðist í andstöðu við beinskeytt og hörð form stálverkanna. Þegar betur er að gáð má sjá að formin eru í raun merkingarlaus vörumerki, tákn sem tákna ekki neitt, nema ef til vill óræðni, efa og samskiptaörðugleika og vísa þannig samtímis í tilvistarkreppu listamannsins, falskar upplýsingar og merkingarleysi samtímans.

Sigtryggur Berg Sigmarsson er fjölhæfur listamaður sem fæst við teikningar, málverk, tónlist og gjörninga. Verkserían *Hausinn er með þetta á heilanum* samanstendur af yfir hundrað teikningum unnum með trélit á pappír og birtast á mörkum hins fígúratífa og óhlutbundna. Sigtryggur teiknar í flæði og leyfir innsæi og undirmeðvitund að ráða för, en til að ná fram ósjálfráðum og hispurslausum hreyfingum teiknar hann gjarnan til skiptis með vinstri og hægri hönd. Sem gjörningalistamaður hefur hann í tæpa tvo áratugi komið fram sem hinn skjálfandi og taugatrekkti listamaður sem ýmist virðist berjast við að hemja sköpunarkraftinn eða ekki ná að finna honum réttan farveg þannig að losni um uppsafnaða taugaspennuna.

Styrmir Örn Guðmundsson er stórhuga sagnamaður og ólíkindatól sem veltir fyrir sér hinu fjarstæðukennda í lífinu sem og dauðanum. Í innsetningunni *Bombaljós* teflir Styrmir saman málverkum, skúlptúrum, gólfverki, tónlist og gjörningi í kraftmikilli samsuðu sem virkjar skynfæri og ímyndunar-

afl áhorfandans. Á veggjunum hanga málverk, *Gáttir,* sem listamaðurinn lítur á sem myndbirtingu upplifana fólks sem hafa komist í nálægð við dauðann. Hugleiðingar um ferðalagið milli lífs og dauða birtast einnig í þrívíðu verkunum á gólfinu; gestaþraut, völundarhúsi og dansmottu, sem leiða hugann að þeim mismunandi leiðum sem fólk fer í átt að andlegum þroska. Undir öllu þessu ómar taktfastur teknó hljóðheimur, eins konar hjartsláttur sýningarinnar eða ef til vill hrynjandi heimsins sjálfs.

The exhibition **Murmur** focuses on compulsive working methods in art; repetitions, rules and hyperfocus. The title references a known play by Dieter Roth from 1974. The work fills an entire book with the same word, *murmel*, which means a sort of prattle, or a whirr, and is repeated in six tight columns, over 178 pages. As with the English *murmur*, the Icelandic word *murr* can be understood as a drone, noise or a sound that is heard again and again, but could also be interpreted as a repeated visual stimulus or activity.

"**Repetition** is the source of the new," says in an article by Gunnar J. Árnason where he discusses this phrase, attributed to Joseph Kosuth, and the paradox it describes. Usually, we understand the new as something that hasn't been before and, therefore, what is repeated can never be new. Or what? Gunnar traces this thread further back, to the writings of Søren Kierkegaard who says: "The logic of repetition is easy, because that which is repeated has been, or else it could not be repeated, but exactly this, that is has been, makes the repetition new." As soon as we repeat something it becomes new, because time has passed, the moment is gone and will never be repeated in exactly the same way. But what does it mean to do something again and again?

When people can't help doing something again and again, this can be seen as compulsive behaviour. The concept of compulsion can have a positive or negative meaning, often depending on the context. It can be thrown about carelessly, as when someone says: "I am such a compulsive hoarder, I never throw anything out," which normally doesn't mean that the person literally never throws anything away. It can also be used when people are super interested in something or have something on their brain which will not go away. In an artistic context, we often find ideas that normally would be considered absurd or strange but serve to widen our understanding and cast a new light on reality. From a creative viewpoint, artists are free to explore the boundaries of the human condition and ability. In art, we often see compulsive methods or repetitions used intentionally to enhance creation. Therefore, it is no wonder that art and compulsion are sometimes viewed as two sides of the same coin, both are manifestations of what we consider at odds with what is "normal" in human behaviour, and both simultaneously expand our ideas of what we believe the human mind or body capable of.

In the exhibition **Murmur**, the positive manifestations of compulsion are put into focus. The compulsions can be strange or odd, but first and foremost they are seen as a force that drives artists in their search for something sincere and unique. Something that originates deep within and builds up until they find outlet in artistic creation. The creation is often a source of pleasure, guiding the artists towards new results, whether via formal explorations, automatic writing, word plays or systems; the possibilities are endless. Sometimes, it may seem like the artist is always repeating the same thing, but upon closer look there are always some changes over time.

Repetitions can be widely found, not just in art but in all culture. Every human society has customs that contain repeated activity, movements or words. Rituals play a big part in shaping our culture and traditions, but the line between religious or worldly rituals can often be vague. Dancing to thundering techno music can be a cleansing, sublime, almost religious experience, similar to the dancing ceremonies of African tribes or the chants of Buddhist monks. During such activity, we zone out and feel the energy and power inherent in all of us. In this way, repetition can unite us, relax the mind and fill us with energy.

With **Murmur**, we second Kierkegaard's words and celebrate the power and liberty of repetition. But Kierkegaard also wrote about the freedom of limiting oneself: "The more you limit yourself, the more inventive you become." By setting **rules**, we create a frame that offers safety and freedom. Rules can thereby help the artist create without any restraints, because within the frame, anything is possible. Rules can also be a way to define one's imagery. Artists often create worlds that echo the real world, by imitating, dissecting, changing or

distorting. Imaginary worlds help us see the world from different viewpoints and deal with existential questions. But they can also be a way to disappear from the world, to slip away from all the noise and into another reality, or into the subconscious.

The state we find ourselves in, when we can immerse ourselves in an activity and shut out the world around us, has been called many names. In positive psychology, it is called *flow*, and attributed to psychologist Mihaly Csikszentmihalyi. In flow, we reach total concentration during an activity that gives well-being and has a positive effect on any type of work or creation. Others refer to a similar condition as **hyperfocus**. This is when an individual is so absorbed in a task that they forget time and place and their perception excludes everything else. Here, personal interest is of great importance, and the tasks must neither be too easy nor too difficult. Hyperfocus is a state many artists are familiar with and others wish they could achieve. In today´s fast paced society, we seek various ways to be able to better concentrate. We try to stop the mind from drifting and to keep track of the chaos brought on by rapid changes and information overload.

In the context of this exhibition, *murmur* can refer to many things; it can be the noise inside our heads, the beating of our hearts, the drone of social media, information entropy or the global murmur of news and statements. With their works, the artists ponder our existence, each in their own way. They try to go below the surface and find rhythm in all the whirring, meaning within futility and a system within an ever changing world.

Ásgrímur Þórhallsson uses every opportunity to draw, even the waiting time when he is doing other work, where he often grabs whatever materials at hand. His work *Tilfallandi fuglar* (Random Birds) is a series that Ásgrímur has worked on at intervals since 2015. Each drawing shows the rear end of a bird, mixed with texts that the artist writes based on his thoughts each time. The writing is tight and illegible, as its main purpose is to serve the form. The works are situated in the space between figurative drawing and automatic writing, a visual poetry of sorts that references its making rather than having a particular meaning.

Bjarni Þórarinsson bases his work on a self-imposed ideology called *Visiology*. This extensive project began almost four decades ago, when Bjarni started combining words and forms in a visual and systematic fashion. His work *Vísirósir* (Visio-Roses) consists of delicate pencil drawings where words are methodically placed around a circular form in the centre. The words, both known and of his own creation, appear in an interplay with geometric forms that offer endless combinations of possibilities. With his works, Bjarni explores our whole existence, as the hypernym *Þróunarvíðróf* (Alternative Wide Spectrum) indicates, but the Vísirósir on display here belong to sub-categories *mannróf* (human spectrum) and *sögusvið* (historical spectrum).

Deepa R. Iyengar ponders the origin of the creative force. She starts every session in the studio with fifteen minutes of automatic writing, in which words and drawings may flow unedited. She wonders if these drawings could give viewers access to her inner world. Her answer is that they show only the results of an exercise but not the source they spring from, which is of a different nature, invisible and illegible even to herself. To emphasize this hidden core, Deepa displays her drawings in the form of a sculpture with an edge curving inward to hint at an interior which is nevertheless inaccessible.

Halla Birgisdóttir has in recent years developed her own personal style. Her drawings and writings show fragmented narrative spaces which might be described as flash fiction or visual poetry. Her works often show sad, but also humorous, moments of human existence. Halla draws from her own experiences but also from her daily scrolling through the internet, reading of books or watching television. The work *Hún heldur í haldreipið* (Clasping her lifeline) consists of 170 drawings on paper along with a large wall drawing. The image shows a woman drawing, and as the title indicates this is a self-portrait. Halla has been open about her mental illness and this could mean that she considers her art creation as her lifeline.

Kjartan Ari Pétursson creates abstract videos and drawings. His series, *06 Teikni* (06 Drawings), is created in a flow, where he gradually covers the plane with a myriad of tiny dots or short lines. He starts with one dot, and when more are added, circles or ripples start to form, flowing to wherever the mind takes him. The works are two-dimensional, but contain an

abyss which leads the mind downwards, into the tiniest microcosms of the biosphere, or outwards, into the vastness of space. The video works *Lykkja 1–5* (Loop 1–5) display flickering abstract images that appear in a rhythm reminiscent of a heartbeat or a kind of visual techno music.

In her work *Allt bara er – Atlas* (Everything just is – Atlas), **Margrét M. Norðdahl** explores the complex web of human existence. The search for acceptance of what IS entails both unbearable pain, and soothing, ethereal beauty. An attempt is made to harness the uncertainty that characterises the human condition, neutral activity becomes a visualised behavioural pattern, and the drone of thought becomes a flowing pattern of thought. The work is an installation, created with mixed media. Its central point is a large mandala, made from images of people that Margrét finds on Google Earth by applying certain rules she has set herself. Her system leads her in a search of that which IS, in everyday moments around the world, and of that which is not, according to the browser, where countries are banned, or their existence not acknowledged. The now resides in a gap between past and present, between words and images, which simultaneously has disappeared and is eternal.

Marta Valgeirsdóttir speculates about man-made and natural systems in her work. She reflects on the binary system, which with only two numbers, 0 and 1, forms the basis of all modern computer codes. With the title of the work *Svipgerðir* (Phenotypes), she likens the binary system to DNA, the code of the human body and the foundation of all living beings. Marta paints the symbols 0 and 1 in turns on white canvas, but with the colours, red, blue and green, she references the digital RGB colour system. Marta divides the plane based on the golden section, thus referencing a ratio which is widely found in nature, as well as in manmade things. In her works, Marta captures a fraction of the endless possibilities these systems offer and encourages the viewer to reflect on the infinite expanse of the universe.

Jóhann S. Vilhjálmsson creates colourful works on paper that at first glance resemble beautifully decorated mediaeval manuscripts, even from distant cultures. In the picture plane, Jóhann merges geometric forms with lines that resemble writing. However, his works are not meant to be read, as the writing is not in any known language. Jóhann's work is asemic, which means that the semantics of the text are open to interpretation, and therefore depend on the viewer to create the meaning.

Sigurður Ámundason deals with limitations in human interaction and the pain that misunderstanding, vanity and other unexpressed emotions can cause. Sigurður's work consists of large drawings on paper and wall-based works made of steel. The drawings' imagery is dramatic, showing horror and absurdity mixed with the ambiguous beauty of nature. They indicate sensitivity and sincere anguish, which seems contrary to the direct and sharp forms of the steel works. Upon closer look, however, the forms turn out to be meaningless logos, symbols without connotations, except perhaps inscrutability, doubt and miscommunication, thus referencing all at once the artist's existential crisis, as well as false information and the senselessness of the current times.

Sigtryggur Berg Sigmarsson is a versatile artist who makes drawings, paintings, music and performances. His series *Hausinn er með þetta á heilanum* (On the head's mind) consists of over a hundred drawings that hover between the figurative and the abstract. Sigtryggur draws in flow, allowing his intuition and subconscious to lead the way, but in order to achieve unrestrained movements, he often draws with his left and his right hand in turns. As a performance artist, he has for almost two decades performed as the nervous, trembling artist who seems to either struggle to contain his creative force, or not be able to find the right outlet to release his accumulated tension.

Styrmir Örn Guðmundsson is a grandiose storyteller and unpredictable artist who deals with the surreal in life as well as in death. In his installation *Bombaljós*, he juxtaposes paintings, sculptures, floor-based works, music and performance in a powerful concoction that activates the viewer's senses and imagination. The paintings, *Gáttir* (Gates), are according to the artist representations of people's near-death experiences. Thoughts on the journey between life and death also appear in the three-dimensional works on the floor, a puzzle, a labyrinth and a dance mat, which evoke thoughts on the different paths people take towards spiritual development. Beneath all of this beats a rhythmic techno soundscape, which could be taken as the exhibition's heartbeat or even the rhythm of the world itself.

Murr
Murmur
06.06.–08.09.2024

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum
Hafnarhús

Listamenn Artists
Ásgrímur Þórhallsson
Bjarni H. Þórarinsson
Deepa R. Iyengar
Halla Birgisdóttir
Jóhann S. Vilhjálmsson
Kjartan Ari Pétursson
Margrét M. Norðdahl
Marta Valgeirsdóttir
Sigurður Ámundason
Sigtryggur Berg Sigmarsson
Styrmir Örn Guðmundsson

Sýningarstjóri Curator
Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir

Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem lánuðu verk á sýninguna og studdu við listamenn í aðdraganda hennar
Reykjavík Art Museum thanks those who lent works for the exhibition and those that have supported the artists

Dagskrá Programme

Leiðsögn sýningarstjóra
Curator Talk

Leiðsagnir listamanna
Artist Talks

Leikum að list – fjölskyldusmiðja
Let's Play Art – Family Workshop

Fimmtudagurinn langi
– síðasta fimmtudag í mánuði
Good Thursday
– last Thursday each month

Menningarnótt
Culture Night
24.08.2024

Nánari upplýsingar um viðburði á heimasíðu safnsins
Detailed information on programming on museum website

Velkomið að bóka skólahópa eða sérhópa af ýmsum stærðum í leiðsögn
Welcome to book tours for school classes, or private groups of all sizes
hopar.listasafn@reykjavik.is



Hafnarhús
Tryggvagata 17
101 Reykjavík
+354 411 6410

Opið daglega 10–17.00
Open daily 10–17h00
Fimmtudaga 10–22.00
Thursdays 10–22h00

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

ICELANDAIR